

Mál nr. 207/2017
M og
V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar I

Rafknúin hurð lenti á höfði starfsmanns þ. 23. 7. 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2
2. Bréf V dags. 5.7.2017 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var að fara með töskur inn í annað rými og opnaði stóra rennihurð og skilaði töskunum og tók tvær tómar. Á bakaleiðinni þegar hún gekk undir rennihurðina kom hún í höfuð M og hún slasaðist. I hlutaðist ekki til um að atvikið væri rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu I hjá V og vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. M vísar einnig til 8.mgr. 44.gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 þar sem segi að hurðir og hlið með vélrænum búnaði skuli vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hættu af. M byggir á því að eitthvað hafi verið athugavert við hurðina, og hún hafi verið hættuleg starfsfólki. M vísar til þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins og skoðun I á hurðinni löngu eftir atvikið hafi enga þýðingu. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á bilun, galla eða annan vanbúnað á hurðinni og ósannað sé að búnaður hennar hafi verið ófullnægjandi þegar slysið varð. V segir ekkert benda til þess að slysið verði rakið til vanbúnaðar. V segir óumdeilt að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins, en það breyti því ekki að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hennar verið rakið til saknæmrar háttsemi I. Í málinu liggur fyrir bréf vinnuverndarfulltrúa I dags. 26.4.2017 um skoðun á umræddri hurð, þar sem fram kemur að hurðin hafi virkað að öllu leyti.

Álit.

Slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins og engin skoðun fór fram á hurðinni fyrr en tæpum tveim árum eftir að slysið varð. M var óvinnufær í kjölfar slyssins og I bar sbr. lög nr. 46/1980 að kalla til Vinnueftirlitið til að kanna aðstæður á slysstæð. Þeirri skyldu sinnti I ekki og verður að bera hallann af því. Engin rannsókn fór fram á hurðinni fyrr en tæpum tveim árum eftir slysið, þegar starfsmaður I gerði athugun á hurðinni. Slík skoðun verður ekki lögð til grundvallar um ástand hurðarinnar þegar slysið varð. Þar sem I sinnti ekki lögboðinni skyldu sinni að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins og lét undir höfuð leggja að afla hlutlægrar sönnunar um ástand hurðarinnar í kjölfar slyssins verður að leggja sönnunarbyrðina um fullnægjandi ástand hurðarinnar á I. Í málinu hefur I ekki sýnt fram á að hurðin sem hér um ræðir hafi unnið þannig að M hafi ekki stafað hættu af henni á slysdagi. M rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu I hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu I hjá V.

Reykjavík 29.8. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.